

Menningar- og safnanefnd

FUNDUR – 27. mars 2003

Fimmtudaginn 27. mars 2003 kl. 17,00 kom menningar- og safnanefnd saman til fundar að Þverbraut 1.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Hlutverk Hillebrandtshúss, erindi frá sveitarstjórn.
2. Erindi um varðveislu muna tengt sögu bæjarins.
3. Hátíðarhöld í tengslum við afmæli bæjarins og myndun framkvæmdahóps.
4. Safna- og sýningastarfsemi í Blönduóssbæ.
5. Stefnumótun í menningarmálum.
6. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Afgreiðslur:

1. Bjarnheiður kynnti erindi sem bæjarráð vísaði til nefndarinnar um hugmyndir er lúta að nýtingu Hillebrandtshúss. Erindið kemur frá Bjarnheiði og Hauki Suska ferðamálafulltrúa og er megin hugmyndin að nýta húsið fyrir afþreyingu barna þar sem þau t.d. gætu gengið inn í ákveðna sögu, tímabil eða menningarskeið. Nánar vísað í erindið hér neðar.

Hús Hillebrandts - alvöru ævintýri

Hugmynd að nýtingu Hillebrandtshúss

Hillebrandtshús er hús sem þarf að nýta eftir þær miklu endurbætur sem það hefur fengið. Eðlilegast er að þar sé einhverskonar safna- eða menningarstarfsemi, vegna sögu hússins, en ekki hentar það hverju sem er, þar sem það er fremur hrátt og takmörkuð einangrun.

Nauðsynlegar viðbætur aðstöðu:

Til að starfsemi geti verið í húsinu er nauðsynlegt að þar sé salernisaðstaða og rennandi vatn. Jafnframt þarf aukna lýsingu í húsið, því hún er ekki til staðar á efri hæð, og einungis með veggjum á jarðhæð.

Möguleg nýting:

Húsið hefur verið notað til sýningahalds og hentar þokkalega til þess, ef ekki er um að ræða sýningargripum sem þurfa ákveðið hita- og rakastig til að varðveitast. Þó væri spennandi að setja upp starfsemi þar, sem er nokkuð nýstárlegri, því aðsókn að hefðbundnum sýningum er takmörkuð og æskilegt er að starfsemi þar geti staðið undir rekstri. Eitt af því sem lítið er horft til á Íslandi er safnastarfsemi sem sérstaklega er sniðin að börnum. Erlendis eru

fjölmargar sýningar og söfn með sérstakar barnadeildir, þar sem börn geta gengið inn í ákveðna sögu, tímabil eða menningarskeið.

Það gæti verið áhugavert að setja slíka starfsemi upp í Hillebrandtshúsi, því ekki mun það hefta börnin í þeirra leik, þótt lágt sé til lofts í risi hússins og býður húsið upp á ýmsa möguleika í þessum efnum. Uppi mætti setja upp hefðbundið baðstofuloft, sem allt yrði í smækkaðri mynd. Allir munir og húsbúnaður væri af því tagi að börnin gætu leikið sér með það og sett sig inn í líf forfeðra okkar.

Niðri gæti verið aðstaða til að leika víkinga og setja sig inn í aðstæður og umhverfi þeirra og jafnframt væri hægt að byggja skip úti við sem væri í víkingastíl, ef girt yrði í kringum húsið. Börnin gætu fengið búninga til yfirráða á meðan þau dveldust í "safninu" og gætu þá valið sér hlutverk eftir smekk: Bóndi, prestur, maddama, víkingur eða ambátt, svo dæmi séu tekin. Búningarnir hefðu jafnframt það hlutverk að auðkenna börnin, á meðan þau væru í gæslu, líkt og gert er í verslunarmiðstöðvum (vesti með númeri). Fræðsluefni í máli og myndum mundi svo enn auka á gildi hússins sem fræðandi fortíðarhúss.

Foreldrum yrði boðið að fá að hafa börnin sín á "safninu" í fyrirfram ákveðinn tíma gegn greiðslu, á meðan þeir nytu annarrar afþreyingar í sýslunni, sem ekki höfðar til barna. Þetta mundi styðja í leiðinni undir aðra menningarstarfsemi og ferðapjónustu á svæðinu, þar sem fólk með börn mundi eflaust staldra við á svæðinu til að lofa börnum sínum að njóta stemningar fortíðarinnar.

Jafnframt mætti bjóða skólum að koma með hópa barna sem fræðast vilja um fortíð þjóðarinnar á lifandi hátt.

Markhópurinn yrði að öllum líkindum á bilinu 5 til 10 ára börn og yrði að fara að öllum þeim reglum um aðbúnað, gæslu og öryggi, sem um þann aldurshóp gilda.

Kostnaður:

Það má búast við að það mundi kosta dálítið fé að koma upp slíkri starfsemi, þar sem nokkuð þyrfti að laga húsið að starfsemi, en á hinn bóginn er ekki fráleitt að ætla að opinberir aðilar mundu styðja við verkefnið, þar má nefna Barnamenningarsjóð menntamálaráðuneytisins, aðra menningarsjóði og t.d. Sænsk- íslenska samstarfssjóðinn, en auk þess styrkir menningaráætlun Evrópusambandsins starfsemi sem eflir barnamenningu. Síðast en ekki síst er þetta hugmynd sem á sér ekki líka á Íslandi og alls ekki loku fyrir það skotið að í ljósi þess gæti hún fengið styrki sem ætlaðir eru til nýsköpunar.

Auk þess þyrfti að lágmarki tvo starfsmenn til að gæta þeirra barna sem "safnið" sæktu, en gera yrði ráð fyrir að tekjur hússins ættu að geta staðið undir starfsfólkinu.

Bjarnheiður Jóhannsdóttir og Haukur Suska Garðarsson, október 2002

Bæjarstjóri greindi frá því að þessar hugmyndir pössuðu vel við nýsamþykktu stefnuáætlun bæjaryfirvalda þar sem m.a. er stefnt að því að gera Blönduóssbæ að áningarstað NV.

Menningar- og safnanefnd leggur til að þessar hugmyndir verði nánar skoðaðar í tengslum við stefnuáætlun.

2. Bjarnheiður kynnti að 2 erindi lögju fyrir óformleg um varðveislu muna. Annars vegar hefur Anna Árnadóttir ánað muni í minningu eiginmanns síns. Jóna Fanney skýrði frá því að hún og Kristján Þorbjörnsson hygðust hitta Önnu í næstu viku.
Nefndin leggur til að bæjaryfirvöld skrái munina sem fyrst og að munaskrá verði varðveitt á Héraðsskjalasafni A-Hún.
Jóna Fanney kynnti safn Kristjáns Pálssonar að Ennisbraut, en Kristján á ótal muni sem hann vill finna farveg fyrir.
Samþykkt að Margrét, Bjarnheiður og Matthías heimsæki Kristján n.k. sunnudag.
3. Bjarnheiður og Margrét kynntu fyrirhugaðar hugmyndir um tónlistarhátíð sem halda á afmæli Blönduóssbæjar fyrstu helgina í júlí.
Fram kom að Haukur ferðamálafulltrúi hafi þegar hannað verkefnið en finna þyrfti framkvæmdaðila til að stýra vinnunni.
Tillaga um að Guðmundur Haraldsson, Haukur Suska, Bjarnheiður og Matthías Páll eigi sæti í framkvæmdanefnd.
4. Rætt um það sem framundan er í Heimilisiðnaðarsafni, s.s. útsaumssýningu og sýningu á ullarvinnslu.
Bjarnheiður taldi brýnt að tengja starfsemi safnsins við hvers kyns rannsóknaraðstöðu á þessu sviði.
Fundarmenn ræddu framtíð Kvennaskólans í þessu skyni og mikilvægi þess að kanna möguleikana á rannsóknar- og vinnustofu þar.
Almennt rætt um safnamál og þann möguleika að eiga fljótlega fund með forstöðumanni Byggðasafnsins á Reykjum í Hrutafirði.
Sviðsstjóra falið að finna fundartíma.
5. Fundarmenn ræddu ýmsar hugmyndir er lúta að menningarmálum sveitarfélagsins. Rætt um að tengja stefnumótunina stefnumörkun í atvinnumálum en þar er einmitt talið brýnt að Blönduós verði “áningarstaður NV” .
6. Önnur mál.
 - a. Tillaga kom um að framvegis yrðu fundargerðir menningar- og safnanefndar færðar í tölvu. Samþykkt samhljóða.
 - b. Samþykkt að funda oftár á næstunni til að koma málum áleiðis fyrir sumarið. Næsti fundur ákveðinn að hálfum mánuði liðnum 10. apríl kl. 17,00 í Veitingahúsinu við árbakkann.

Fundi slitið kl. 18,38.

Matthías Páll Imsland
Jóna Fanney Friðriksdóttir

Bjarnheiður Jóhannsdóttir
Margrét Sigurðardóttir